

Foldaskóli 2025-2026 - 9. bekkur

Vetraráætlun – enska

Kennarar:

Freyja Sól Pálsdóttir Hólm frejja.sol.palsdottir.holm@reykjavik.is

Bergsteinn Gunnarsson bergsteinn.gunnarsson@reykjavik.is

Námsefni:

Spotlight 9 – lesbók og vinnubók

Skáldsaga: The Veldt eftir Ray Bradbury

Skáldsaga: The Canterville Ghost - Oscar Wilde

Kvikmyndir (2 kvikmyndir yfir skólaárið)

Valið efni eftir því sem við á

Námsmat:

Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá uppfærðum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta. Orðabækur eru aðgengilegar í skólanum bæði í prenti og á netinu, en einnig er æskilegt að nemendur hafi aðgang að orðabókum heima.

Með von um gott samstarf í vetur. Gangi ykkur vel.

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga

Eftirfarandi hæfniviðmið eru metin í öllu starfi vetrarins:

- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- Geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð

Hæfniviðmið -Að nemandi geti	Lotur	Námsmat
- Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt - Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt	Ágúst/september <i>Spotlight: All You Need is Love</i> - Unnið með valda texta Kvikmynd: Juno Málfræði: <i>Would and should, past perfect, og adverbs of time and adverbs of manner</i>	- Paraverkefni: Persónulýsing
- Sýnt góð tæk á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi - Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi - Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fá að njóta sín - Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum	Október/nóvember <i>Spotlight: Canada is Gigantic!</i> - Unnið með valda texta Smásaga: The Veldt Málfræði: <i>Prepositions og reflexive pronouns</i>	- Kennsla/kynning á málfræðireglu - Veggspjald
- Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt - Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim	Desember Uppsóp frá hausti ef einhver verkefni kláruðust ekki	- Hlustunarpróf

- Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt - Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða - Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum	Janúar <i>Spotlight: Fantasy and Myth</i> - Unnið með valda texta Kvikmynd: Stardust Málfræði: <i>Nouns - irregular plural</i> og <i>there and it</i>	- Ritgerðarspurningar - Stardust - Miðsvetrarpróf
- Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum - Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín - Sýnt góð tæk á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi	Febrúar <i>Spotlight: New York, New York</i> - Unnið með valda texta Skáldsaga Málfræði: <i>Nouns - possessive</i> og <i>verbs - tense and principle parts</i>	- Ritgerð: My Fantasy Story - Lestrardagbók

- Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta - Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu	Mars <i>Spotlight: Different Perspectives</i> - Unnið með valda texta Skáldsaga Málfræði: <i>Verbs - all tenses og verbs - passive voice</i>	- Lestrardagbók - Verkefni tengt skáldsögu
- Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós - Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli - Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra	Apríl <i>Spotlight: Asia</i> - Unnið með valda texta Málfræði: <i>Question tags, word order og some and any</i>	- Samskiptaverkefni - Kynning á utanlandsferð
- Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins - Lesið sér til fróðleiks rauntexta af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt - Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi	Mái Uppsóp ef eitthvað hefur tafist frá vorinu/einhver verkefni vantar	- Fréttaverkefni